

Nd.

37. Frumvarp til laga

[37. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Gisli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson,
Eggert Þorsteinsson, Gils Guðmundsson, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Fremst í 48. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, kemur ný málsg.:
Nú veldur maður með óreglu sinni og hirðuleysi um meðferð fjármuna hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða liði nauð, og skal sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, þá leggja fyrir vinnuveitanda hans eða kaupgreiðanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupum hans. Sá hluti, sem haldið er eftir, má nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kaupsins, að frádregnum opinberum gjöldum. Sveitarstjórn eða lögreglustjóri ákveður jafnframt, hver skuli taka við kaupinu, og er þá óheimilt að greiða það öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 10. landsþingi Kvenfélagasambands Íslands, 7.—12. sept. 1953, var gerð svo felld ályktun:

„10. landsþing Kvenfélagasambands Íslands ályktar að kjósa millipinganefnd, sem geri athugun á því, á hvern hátt helst megi koma til hjálpar heimilum, sem svo stendur á um, að heimilisfaðirinn hefur að meira eða minna leyti brugðizt framfærsluskyldu sinni, til dæmis vegna drykkjuskapar. Kemur þá meðal annars til álita, hvort ekki sé unnt að fá því til vegar komið, að lögtekið verði ákvæði þess efnis, að atvinnurekendum sé heimilt eða eftir atvikum skylt að halda eftir ákveðnum hluta af kaupum slíkra manna vegna heimila þeirra.“

Í millipinganefndina voru kosnar frú Herdís Ásgeirsdóttir, flutningsmaður tillögunnar, formaður, frú Jóhanna Egilsdóttir og frú Guðlaug Narfadóttir. Nefndin hefur síðan unnið að undirbúningi málsins, og að tilhlutan hennar hefur frv. þetta verið samið. Hefur fulltrúaráð Bandalags kvenna í Reykjavík rætt frv. og samþykkt það.

Þess eru því miður mörg dæmi, að heimilisfeður vanrækja vegna drykkjuskapar og hirðuleysis að sjá heimili sínu farborða, þótt þeir hafi lífvænlegar tekjur. Þegar svo stendur á, er réttmætt og nauðsynlegt, að eiginkona eða aðrir, sem hlut eiga að máli, geti fengið sér greiddan hluta af kaupum mannsins. Er því ákveðið í þessu frv., að vinnuveitanda sé skylt, eftir ákvörðun sveitarstjórnar eða lögreglustjóra, að halda eftir hluta af kaupum slíkra manna og greiða til eiginkonu eða annarra þeirra aðila, er sveitarstjórn eða lögreglustjóri vísar á.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er gerð tilraun til þess að rétta nokkuð hlut þeirra heimila, er eiga um sárt að binda vegna vanrækslu heimilisföður á skyldum sínum við þau.

Flm. áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. við frv.